

Fundargerð

16. september 2020

Samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga -

Jónsmessunefndar

16. september 2020

Árið 2020, 16. september kl. 13:30 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í húsakynnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og einnig á Teams.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, auk Tinnu Dahl Christiansen, sérfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Undir lið 1: Björn Þór Hermannsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Sigurður Ármann Snævarr (á fjarfundi), sviðsstjóri hjá sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Samkomulag á grundvelli LOF - drög

Lögð voru fram drög að samkomulagi um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2020-2024 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

Fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins lögð fram glærur um grunnsviðsmynd um afkomu og skuldahorfur ríkissjóðs. Kom fram í máli þeirra að afkoma hafi versnað gríðarlega í kjölfar Covid-19 og hefur varanleg áhrif fram á næstu ár. Til langs tíma þarf að huga að sjálfbærni í opinberum fjármálum, búið er að endurskoða fjármálastefnuna með hliðsjón af þessu þar sem fyrri forsendur eru brostnar. Megináherslur stjórnvalda er að halda áfram markvissum stuðningi þar til atvinnulífið hefur tekið við sér og er í samræmi við það sem önnur lönd eru að gera. Náum að vinna okkur úr þessu með aukinni verðmætasköpun. Mikilvægt sé í árferði eins og þessu að setja fram áætlanir til langs tíma, það skapi festu í áætlanagerð.

Fulltrúar sambandsins óskuðu eftir auknu samráði með samráðsnefnd um opinber fjármál. Auknar kröfur eru settar á Hagstofuna varðandi skil á gögnum án þess að fjármagn fylgi með.

Sammælt var um að fresta afgreiðslu erindisins og boða aftur til fundar eftir slétta viku. Sambandið fái tíma til þess að fara yfir hvað þessi nýja markmiðasetning felur í sér fyrir sveitarfélögin.

2. Samtal um stafræna þróun ríkis og sveitarfélaga – hvernig er samstarfinu best hagað?

Erindinu var frestað fram á næsta fund.

3. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar verður 23. september kl. 13:30.

Fundi var slitið kl. 15:00.

-TDC-